

## Yfirlit hreindýraveiðitímabilsins 2007

Heildartekjur af veiðileyfasölunni árið 2007 voru kr. 86.942.000,-. Arður sem greiddur er til um 750 landeiganda og ábúenda á Austurlandi, var kr. 74.810.300,- eða um 86% af heildartekjum. Hlutur Umhverfisstofnunar vegna umsýslu var kr. 8.744.700,- og Náttúrustofu Austurlands vegna vöktunar kr. 3.387.000,-

Eins og áður hefur komið fram var veiðikvótinn fyrir árið 2007 samtals 1137 dýr. Heimilt var að byrja tarfaveiðar 15. júlí en veiðar á hreinkúm byrjuðu 1. ágúst eins og áður. Veiðitímabilinu lauk svo eins og undanfarin ár 15. september.

Í heildina gengu veiðarnar vel og voru 1130 dýr felld, 559 tarfar og 571 kýr. 154 kálfar voru felldir sem er 23 kálfum fleira en 2006. Á tímabilinu voru því alls felld 1284 hreindýr. Veður var fremur gott á veiðitíma og tafði þoka minna fyrir veiðunum á fjarðasvæðunum en oft áður. Á svæði 2 flökkðu dýrin eins og vanalega eftir veðrinu en eftirtektarvert var að töluvert var veitt á Fjallkollu vestur af Hrafnkeldsdal. Dýrin fóru ekkert á Vesturöræfin á veiðitíma og engin dýr voru heldur á Múla. Tarfarnir héldu sig mikið á svæði 1 og voru utan Sandfells í stórrí hjörð, mikið var veitt þar og eins þegar þeir komu innar á svæði 1 er vindáttir voru suðvestlægar. Á svæði 6 var ekki leyft að veiða kýr þetta árið en nokkuð vel gekk að veiða tarfana en margir þeirra voru þó felldir á skörunarsvæðinu við svæði 2. Á veiðisvæði 3 voru aðeins 5 tarfar í kvóta og voru þeir allir felldir á láglandinu í Eiða- og Hjaltastaðarþinghá. Erfiðlega gekk að finna kýrnar og stór hluti þeirra var felldur á síðustu dögnum – tvær náðust ekki. Á svæði 4 gekk vel að veiða tarfana og nóg var af góðum törfum –verra var með kýrnar sem gekk illa að finna en náðust þær þó allar að lokum, meirihluti þeirra hélt sig í Mjóafirði. Á svæði 5 gengu veiðar vel og minna var um þoku en oft áður. Nokkrir vænir tarfar felldir í Reyðarfirði Sama má segja um svæði 7, þar var veitt á svæðinu frá Lónsheiði yfir í Hamarsdal. Á svæði 8 og 9 voru veiðar hefðbundnar. Verr gekk að finna tarfana heldur en kýrnar.

### Tölur í svigum eiga við sv. 1.

Svæði	Veiðikvóti 2007		Felld dýr 2007		
	Kýr	Tarfar	Kýr	Tarfar	Kálfar
1 og 2	384(5)	361(60)	381(22)	360(130)	117(6)
3	30	5	28	5	1
4	18	14	18	14	2
5	55	45	55	45	6
6	0	30	0	30	0
7	40	60	40	60	13
8	25	35	24	35	4
9	25	10	25	10	11
Samtals:	577	560	571	559	154
	1137		1130		

## Hvernig dreifast veiðarnar á veiðitímabilinu?

Ef skoðuð er eftirfarandi tafla um það hvenær á veiðitímanum dýrin eru veidd þá kemur það í ljós að 745 dýr af 1130 dýrum eru felld síðustu fjórar vikur veiðitímans þ.e frá 19. ágúst til 15. september, þetta eru um 66% af öllum felldum dýrum sem er 2% minna en 2006 þannig að menn hafa veitt aðeins meira af kvótanum fyrstu fimm vikurnar. Rúmlega 100 dýr eru felld í síðustu viku veiðitímans.

Felldir voru 69 tarfar í júlí sem er nokkru meira en árið 2007 er þeir voru 40. Ljóst er að veiðiálag á þeim svæðum, þar sem flest dýrin eru veidd, er mjög mikið á seinni hluta veiðitímans og rétt er að beina því til veiðimanna og leiðsögumanna að nýta allt veiðitímabilið betur, sérstaklega fyrstu tvær vikur ágústmánaðar. Á næsta veiðitímabili er kvótinn mun stærrí á svæði 1 og 2 þannig að þar gætu skapast veruleg vandræði ef veiðimenn nýta ekki betur fyrri hluta veiðitímans og ef veðurfar yrði óhagstætt í lok veiðitíma. Fella þarf um 20 dýr á hverjum einasta degi veiðitímans á svæði 1-2 ef miðað er við tímabilið frá 1. ágúst til 15 september.

<b>Veiðitímabil</b>	<b>Dagsetn:</b>	<b>Fjöldi felldra:</b>	<b>Uþb % af heild</b>
1. vika	15.7 - 21.7	39(18)	3,5
2. vika	22.7 - 28.7	17(19)	1,5
3. vika	29.7 - 04.8	41(36)	3,6
4. vika	05.8 - 11.8	133(92)	10,0
5. vika	12.8 - 18.8	141(117)	12,5
6. vika	19.8 - 25.8	237(181)	21,0
7. vika	26.8 - 01.9	173(116)	15,3
8. vika	02.9 - 08.9	226(184)	20,0
9. vika	09.9 - 15.9	109(135)	9,6
	Ekki vitað	14(8)	1,2
		<b>1130(906)</b>	

*Tölur í sviga í eiga við tímabil 2006*

## Hvaðan koma veiðimennirnir?

### Fjöldi erlendra veiðimanna 2003 -2007

<b>Svæði</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>2003</b>
1	6	0	6	1	0
2	13	16	13	5	14
3					
4					
5		1		1	
6	1		2		
7					
8					
9					
Alls	<b>20</b>	<b>17</b>	<b>21</b>	<b>7</b>	<b>14</b>

### Skipting veiðimanna eftir landshlutum 2007

<b>Hvaðan?</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>% af heild</b>
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	675	59,8
Vesturland og Vestfirðir	60	5,3
Norðurland	136	12,0
Austurland	180	15,9
Suðurland og Vestmannaeyjar	56	5,0
Útlönd	23	2,0
Samtals.	1130	

## Aldurssamsetning og fl.

Konur í veiðimannahópnum voru 28 og voru þrettán þeirra við veiðar á sv. 1 og 2, tvær á svæði 3, tvær á svæði 4, fjórar á svæði 5, ein á svæði 6, ein á svæði 7, tvær á svæði 8 og þrjár á svæði 9. Fjölgun um fjórtán frá árinu á undan. Karlar á veiðum voru því 1102.

Elsti veiðimaðurinn var 79 ára og sá yngsti 21 árs. Aldursdreifing veiðimanna var sem hér segir:

Svæði	21 - 40 ára	41 - 60 ára	61 og eldri
1	52	48	9
2	250	264	31
3	13	22	4
4	12	10	1
5	47	38	4
6	15	26	1
7	42	35	1
8	24	23	0
9	17	16	0
Alls	472	591	67

## Fjöldi leiðsögumanna að störfum

Alls fóru 77 leiðsögumenn með veiðimenn á veiðar veiðitímabilið 2007. Þó nokkrir fóru með einn veiðimann en þeir sem fóru með flesta til veiða leiðsögðu yfir 70 veiðimönnum. Hér má sjá töflu sem sýnir þann fjölda leiðsögumanna sem var virkur á hverju veiðisvæði, hafa ber í í huga að margir leiðsögumenn hafa leyfi til að leiðseigja á mörgum mismunandi veiðisvæðum.

Svæði	Fjöldi
1	11
2	45
3	9
4	10
5	9
6	9
7	13
8	7
9	6

## **Þyngd felldra dýra 2007**

Eftirfarandi töflur gefa nokkra mynd af þyngd dýranna sem felld voru 2007 Ekki eru til vigtartölur yfir öll veidd dýr. Á sumum svæðum t.d. sv. 8 og 9 eru mjög fá dýr vigtuð í heilu lagi og oftast en ekki eru menn að giska á þyngdina þar sem hluta þarf dýr í sundur til að koma þeim til byggða þannig að ekki skal taka þessum tölum sem fullkomnum tölfræðisannleik um þyngd dýranna.

### **Þyngd felldra hreintarfa 2007**

<b>Svæði:</b>	<b>Meðaltal</b>	<b>Þyngstur</b>	<b>Léttastur</b>
1 og 2	82,2	124,0	36,0
3	85,0	95,0	79,0
4	96,7	116,0	80,0
5	88,2	111,0	62,0
6	88,0	103,0	50,0
7	92,8	122,0	50,0
8	76,1	100,0	52,0
9	87,5	90,0	85,0

### **Þyngd felldra hreinkúa 2007**

<b>Svæði:</b>	<b>Meðaltal</b>	<b>Þyngst</b>	<b>Léttust</b>
1 og 2	39,2	61,0	28,6
3	46,0	59,0	30,0
4	47,1	59,0	42,0
5	44,5	56,0	33,0
6	0	0	0
7	41	46,0	35,0
8	36,4	41,0	31,0
9	vantar	vantar	vantar

## Byssur og skotfæri

Helstu riffilstærðir sem notaðar voru 2007 og samanburður við fyrri ár.

Kaliber	2007		2006		2005	
	Fjöldi	% hlutfall	Fjöldi	% hlutfall	Fjöldi	% hlutfall
243 Win	252	22,30	210	23,18	175	23,20
6,5x55	207	18,31	173	19,09	125	16,57
308 WIN	154	13,62	119	13,13	105	13,92
270 WIN	116	10,26	82	9,05	62	8,22
7 mm - Rem Mag	76	6,72	71	7,84	55	7,29
300 WIN MAG	61	5,39	38	4,19	50	6,63
30-06	62	5,48	40	4,42	49	6,49
6,5x284	33	2,92	37	4,08	40	5,30
7mm -08Rem	30	2,65	26	2,27	28	3,71
7x64	5	0,44	7	0,77	6	0,79
6,5x06			6		6	
6,5x68	3		2		4	
6,5x57			2		3	
300 WEATHERBY	3		1		3	
7mm STW	5		1		3	
25-06	4		2		2	
300 H&H	1		1		2	
300 REM UM	2		3		2	
300 WSM	1		1		1	
338 WM			2		1	
6mm Rem	2		3		1	
Annað og óvíst	113		79		39	
	<b>1130</b>		<b>906</b>		<b>754</b>	

**Helstu kúlugerðir sem notaðar voru 2007 og samanb. við 2006**

<b>Kúlugerð</b>	<b>2007</b>	<b>% af felldum</b>	<b>2006</b>	<b>% af felldum</b>
Sierra Gameking	188	16,63	154	17,00
Nosler BallisticTip	210	18,58	166	18,32
Nosler Partition	114	10,08	94	10,37
Norma Oryx	89	7,88	42	4,63
Nosler AccuBond	40	3,54	36	3,97
Lapua Mega	44	3,89	28	3,09
Hornady InterBond	6	0,53	9	0,99
Sierra Spitzer	9	0,80	15	1,65
Speer Grand Slam	4	0,35	12	1,32
Rem exp. CoreLokt	15	1,33	19	2,10
Rem premier Boat tail	2	0,17	6	0,66
Sako Gamehead	10	8,88	13	1,43
Swift Scirocco	1	0,08	6	0,66
Sako Racehead	0	0	0	0
Sierra Prohunter	9	0,80	0	0
Norma Antik	0	0	4	0,44
Barnes X	0	0	5	0,55
CT Fail Safe	0	0	2	0,22
Lapua Scenar	5	0,44	1	0,11
RWS Soft Point		0	0	0
Sako Hammerhead	7	0,61	7	0,77
Sierra HP	3	0,26	12	1,32
Annað og óvíst	374	33,1	272	30,02
	<b>1130</b>		<b>906</b>	

### Helstu kúluþyngdir sem notaðar voru 2007 og samanb. við 2006 og 2005

	2007		2006		2005	
Kúluþyngd:	Fjöldi	% hlutfall	Fjöldi	% hlutfall	Fjöldi	% hlutfall
95 grain			8	0,88	4	0,53
100 grain	247	21,85	203	22,40	179	23,74
110 - 115 grain	4	0,36	4	0,44	1	0,13
120 - 125 grain	191	16,90	172	18,98	157	20,83
130 grain	113	10,00	60	6,62	45	5,97
135 - 140 grain	148	13,09	109	12,04	92	12,20
145 - 147 grain	3	0,26	3	0,33	6	0,80
150 grain	151	13,36	117	12,91	114	15,12
156 - 158 grain	6	0,54	9	0,99	7	0,93
160 grain	12	1,06	9	0,99	9	1,19
165 grain	29	2,58	22	2,44	17	2,25
180 grain	26	2,30	15	1,66	27	3,58
Annað og óvíst	200	17,70	175	19,32	96	12,73
	<b>1130</b>	<b>100%</b>	<b>906</b>	<b>100%</b>	<b>754</b>	<b>100%</b>

### Hvar voru dýrin felld?

Eftirfarandi tafla sýnir á hvaða jörðum flest hreindýr voru felld veiðitímabilið 2007. Veiðileyfum sem skilað var án þess að skráð væru GPS hnit voru 99 (8,7%) og er það mun betri skráning en áður. 138 veiðileyfum var skilað inn án GPS punkta árið 2006 (15,23%) en árið 2005 voru þau 108 eða 14,32%.

Nafn jarðar	Felld dýr: 2007
Valþjófsstaður sv 2	148
Klaustursel sv 2	83
Skriðuklaustur sv 2	54
Aðalból sv 2	48
Möðrudalur sv 1	36
Háreksstaðir sv 1	32
Hellisfjörður sv 5	25
Flatey sv 9	23
Merki sv 2	22
Viðfjörður sv 5	20
Hnefilsdalur sv 2	20